

Reikningur

styrktarsjóðs Christians konungs hins níunda í minningu 1000 ára hátíðar Íslands fyrir árið frá 1. septbr. 1876 til 31. ágúst 1877.

138
20. sept.

Tekjur:		kr.	aur.
1.	Eptirstöðvar frá fyrra ári [Stjórnart. 1876 B 135]:		
a,	innritunarskírteini litr. C, fol. 3609, að upphæð 8400kr. „ a.		
b,	lagt í sparisjóðinn í Reykjavík	132 — 84 —	8532 84
2.	Vextir til 11. júní 1877	340	37
	alls	8873	21

Gjöld:		kr.	a.
1.	Heiðursgjafir veittar árið 1876—77:		
a,	prófasti sira Guðmundi Einarssyni á Breiðabólstað 200kr. „ a.		
b,	Jónasi Símonarsyni á Svinaskála í Suður-Múlas. 120 — „ -	320	„
2.	Eptirstöðvar við lok reikningsársins:		
a,	innritunarskírteini litr. C fol. 3609	8400 — „ -	
b,	í sparisjóði og í peningum	153 — 21 -	8553 21
	alls	8873	21

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. septbr. 1877.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um nokkur atriði í fjárlögum 1878—79. — Um leið og yður eru hjer með send, herra landshöfðingi, nokkur exemplör af fjárlögum um árin 1878 og 1879, er konungur staðfesti 19. p. m. (Stjórnartíð. A 17), prentuð sjer í lagi, ásamt athugasemdunum við frumvarpið til þeirra, bæði handa sjálfum yður, og svo til útbýtingar meðal hlutaðeigandi embættismanna,—skal vísað í fyrirmæli þau, er bent er til í brjefi frá dómsmálastjórninni 20. febr. 1866, sbr. brjef frá stjórnardeildinni íslenskzu 15. apríl 1851 og 4. marz 1871, að því er snertir reglur um greiðslu launa þeirra m. fl., er tilgreind eru í hjálögðu yfirliti yfir útgreiðslur samkvæmt 10.—13. gr. fjárlaganna.

Jafnframt þessu skal eigi undan fellt að tjá yður það sem nú skal greina, eptir þar til gefnu tilefni í þóknanlegu brjefi yðar 3. f. m.

Að því er snertir þá spurningu, hvort aðgerðin á dómkirkjunni í Reykjavík, er veittar eru til 5000 kr. í fjárlögum, 10. gr. C. 9., eigi að fara fram á sumri komanda, þá er eigi hægt að afráða neitt um það fyr en útgjört er um, hvort leitað verður staðfestingar konungs að frumvarpi því um kirkjutíund í lögsagnarumdæmi Reykjavíkurkaupstaðar, er alþingi hefir samþykkt. En um það verður eigi útgjört fyr en búíð er að kynna sjer betur málið hjer af umræðunum um það á alþingi.

Samkvæmt tillögum yðar um skiptingu á þóknun þeirri, 1200 kr., er veitt er í 10. gr. C 10 handa landbúnaðarnefndinni, er skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 4. Hinn 19. desbr. 1877.